



Alþingi
Erindi nr. P 130/1639
komudagur 1.4.2004

FLYTJANDI HF. · KT. 710269-7509 · KLETTAGÖRDUM 15 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 515 2200 · BRÉFSÍMI 515 2204

mars
30. apríl 2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: **Umsögn um þskj. 831 – 553. mál.**

Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með að fá að veita umsögn um þessa "Tillögu til þingsályktunar".

Flytjandi hf. veitir flutningaþjónustu um allt landi með viðkomu í 80 bæjum og byggðarkjörnum. Það er og hefur verið skoðun okkar, að stytting á hringvegi og aðalvegum séu bestu og arðbærustu vegaframkvæmdir sem völ er á til að auðvelda flutninga og aðrar samgöngur á landsbyggðinni.

Stytting leiða hefur bein áhrif á flutningskostnað, bætir þjónustu og eykur öryggi okkar faratækja og annarra. Dreifing vöru milli byggðarlaga verður auðveldari og kostnaðarminni og vegastytting auðveldar einnig vetrarviðhald vega, sem oft á tíðum er hamlandi á þjónustu okkar.

Því er þessi leið í vegabótum mun hagkvæmari að okkar mati en svokallaðir "hálandisvegir" sem mikið hefur verið rætt um og því framar í forgangs röðun okkar.

Með kveðju

FLYTJANDI HF.

Geir Sæmundsson
framkvæmdastjóri